



4. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni í Reykjavík föstudaginn 15. apríl 1994 kl. 14:30.

Mættir voru: Guðmundur Jónsson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Jón Bergsson, Stefán Erlingsson, Sigurgeir Bárðarson, Kristján Auðunsson, Ágúst Oddsson og Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 1. Landnýting og ímynd hestamennskunnar. Málþing 8. apríl s.l.**
Formaður L.H. sagði í stuttu máli frá þessari ráðstefnu og taldi hana vera jákvætt innlegg í umræðuna um þessi mál. Meðal annara frummælenda á ráðstefnunni var formaður L.H. Guðmundur Jónsson. Auk hans mættu frá L.H. Sigfús Guðmundsson, Kristján Auðunsson, Guðbrandur Kjartansson og Sigurður Þórhallsson. L.H. var einn af þeim aðilum sem stóðu að þessari ráðstefnu. Stjórn L.H. telur æskilegt að skrifstofan safni saman því efni sem fram kom á ráðstefnunni.
- 2. Náttúruverndarlagafrumvarpið og umsögn og athugasemdir L.H. við það.**
Þann 8. mars s.l. sendi umhverfisnefnd Alþingis L.H. til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum. Fyrir hönd stjórnar L.H. samdi Kristján Auðunsson í samráði við formann L.H. greinargerð varðandi afstöðu Landssambandsins til þessa máls. Greinargerð þessi lá fyrir fundinum og var hún samþykkt eins og hún lá fyrir. Nokkrar athugasemdir varðandi lagafrumvarpið komu fram í greinargerðinni sem snerta L.H.
- 3. Fundur með samgöngunefnd Alþingis.**
Fulltrúar stjórnar L.H. fóru til fundar við samgöngunefnd Alþingis þann 16. mars s.l. Umræðuefnið var varðandi þann þátt vegalaga frumvarpsins sem snerti reiðvegi og rétt ríðandi umferðar um landið í byggð og óbyggð. Af hálfu L.H. mættu á fundinn Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Jón Leví Tryggvason og Sigurður Þórhallsson. Fundurinn var gagnlegur og vinsamlegur og bar árangur. Sjá nánar nefndarálit samgöngunefndar og breytingartillögur hennar sem treysta réttarstöðu hestamanna. Nefndarálit kafla 6 og breytingartillögu við frumvarpið 17.gr. sem er ný grein og fjallar um skyldur ríkisins um framlög til reiðvegagerðar.

4. **Æskulýðsmál, æskulýðsfulltrúar.**

Formaður sagði frá fundi sem hann sat með fulltrúum úr æskulýðsnefnd L.H. og fulltrúum frá HÍS. Rædd voru æskulýðsmál beggja þessara samtaka, en eins og kunnugt er eiga þau ágætt samstarf um þessi málefni. Fram kom að búið er að ráða Kolbrúnu Kristjánsdóttur til að starfa að þessum málum á Norðurlandi á yfirstandandi ári. Varðandi önnur landssvæði hefur ekki verið tekin ákvörðun um frekari ráðningar. Fram kom að æskulýðsnefnd L.H. vinnur ötullega í þessum málaflökki að skipulagningu á æskulýðsstarfi L.H. og fleiru sem lýtur að þessum málum.

5. **Reiðvegafé, skýrsla um úthlutun s.l. 10 ár.**

Sigurður Þórhallsson lagði fram skýrslu, sem skrifstofan vann um úthlutun reiðvegafjár s.l. 10 ár. Í skýrslunni kemur fram hvaða upphæðir hvert og eitt hestamannafélag hefur fengið þessi undanfarin ár. Töluverðar umræður urðu um reiðvegamál og úthlutun reiðvegafjár á yfirstandandi ári. Til ráðstöfunar eru nú um 8.000.000 kr. Úthlutun til félaganna fer fram nú á næstunni og verður hún með líku sniði og undanfarin ár, þ.e. að stærsti hluti þess fjár sem er til ráðstöfunar mun verða úthlutað á Suðurland vegna Landsmótsins á komandi sumri.

6. **Erindi send stjórn L.H. til afgreiðslu.**

1) **Skógarhólar.**

Stjórn L.H. samþykkti að ráða Hörð Guðmannsson aftur sem umsjónarmann Skógarhóla á komandi sumri. Hörður gegndi starfinu prýðilega s.l. sumar að sögn Sig. Þórhallssonar. Þjóðgarðurinn mun gera frekari vegabætur að sögn Þjóðgarðsvarðar. Fundur verður bráðlega haldinn í Skógarhólanefnd.

2) **Bréf til framkvæmdanefndar FM'93.**

Sig. Þórhallsson hefur ritað nefndinni bréf fyrir hönd stjórnarinnar. Í þessu bréfi er óskað skýringa á kafla skýrslunnar sem fjallar um dómstörf dómara í gæðinga-barna- og unglingaflokki. Eins og áður hefur komið fram gerir framkvæmdanefndin verulegar athugasemdir við störf ofanefndra aðila.

3) **Samningur um kvikmyndagerð á LM'94.**

Samningur er á lokastigi við Eiðfaxa h.f. um gerð kvikmyndar af mótinu. Greindi Sigfús frá stöðu málsins og samningagerð. Þar kemur fram að einkaréttur mun gilda í 8 ár og mun L.H. fá réttinn að þeim tíma liðnum. Þetta var rætt nokkuð. Sigfúsi falið að ganga frá þessu og mun Kristján A. vinna í því með honum.

4) **Útgáfa Áfanga.**

Fundur var haldinn um útgáfu Áfanga II 6. apríl s.l.

Mættir voru: Hjalti Pálsson, Guðmundur Jónsson, Karl Óskar Hjaltason og Sigurður Þórhallsson. Hjalti og Karl Óskar hafa áhuga á að gefa

bókina út á eigin reikning og sjá um sölu hennar. Stjórnin felur, formanni L.H. að ganga frá samningi við þá Hjalta og Karl Óskar um þessa útgáfu.

5) FM'95.

Jón Bergsson greindi frá því að fyrirhugaður fundur vegna FM'95 yrði haldinn fyrir lok þessa mánaðar á Austurlandi.

6) Lagafrumvarp um útflutning hrossa.

Formaður kynnti lagafrumvarp um útflutning hrossa. Nokkrar umræður urðu um málið.

7) Fundur í fagráði.

Formaður sagði frá fundi í fagráði. Var það helst að fréttu að tekin var fyrir umsókn L.H. til Framleiðnisjóðs um styrk til erlendra samskipta. Fengust 500.000 kr., en fagráð mælti með a.m.k. 1.500.000 kr. Olli niðurstaðan vonbrigðum. Urðu nokkrar umræður um störf fagráðs almennt. Stjórnin telur eðlilegt að leita leiða til að hærri styrkur fáiist úr Framleiðnisjóði.

8) Reglugerð um gæðingakeppni.

Á fundi stjórnar þann 4. mars s.l. var rætt bréf frá hestamannafélaginu Sleipni. Í bréfinu kemur fram mikil andstaða varðandi breytingar á reglugerð 2.1.1. um gæðingakeppni L.H. 1. gr.sem samþykkt var á Flúðum á 43. ársþingi. Málið var mikið rætt og telur stjórnin að reglur um keppnisrétt þurfi að vera skýrari en nú er.

9) Dómnefndir á LM'94.

Sigurði Þórhallssyni falið að óska eftir tilnefningu dómara í gæðingabarna- og unglingaflokkum á Landsmótinu og senda inn til skrifstofu L.H. fyrir 15.05. Stjórnin mun síðan taka dómaralistann fyrir á næsta fundi og afgreiða málið samkvæmt reglum um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta. Sömuleiðis þarf að rita framkvæmdanefnd LM'94 og óska eftir tilnefningu hennar í kappreiðadómnefnd með sömu formerkjum og við á í gæðingakeppni. Stjórn L.H. þarf einnig að samþykkja kappreiðadómnefndina.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 19:15.

Halldór Gunnarsson
Ágúst Oddsson
Kristján Auðunsson
Sigfús Guðmundsson

Guðmundur Jónsson
Jón Bergsson
Stefán Erlingsson
Sigurgeir Bárðarson